

22. nóvember 1993.

Álitaeefni varðandi frumvörp til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð.**Frumvarp til laga um almannatryggingar:**

4. gr. Athugasemd frá *Tryggingayfirtannlækni* um skipun eða ráðningu tryggingayfirtannlæknis
7. gr. Hafa frest til áfrýjunar 3 mánuði, en ekki 4 mánuði, í samræmi við stjórnarsýslulög sem taka gildi um áramót
10. gr. Felur í sér grundvallarbreytingu. Við bætast bætur í fæðingarorlofi, en niður falla, og teljast bætur til félagslegrar aðstoðar, mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir og ýmsar uppbætur á elli- eða örorkulífeyri, s.s. heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, rekstrarstyrkur bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir. *Öryrkjabandalag Íslands* varar við að slíta í sundur bótaflokka sem hafa verið órjúfanlegur hluti tryggingalöggjafarinnar, einkum heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót, en þó einnig uppbót vegna sérstakra aðstæðna og endurhæfingalífeyri.
11. gr. Velta má fyrir sér hvort æskilegt sé að hafa hér millifyrirsögn: "Ellilífeyrir"
12. gr. Ath. millifyrirsögn: "Örorkulífeyrir". Talsverðar breytingar eru gerðar frá hliðstæðu ákv. í núgildandi lögum. Sett er ákv. um eins árs biðtíma, gagnvart þeim sem búsettir eru utan EES. Þá er endurhæfingarlífeyrir "fluttur" í frumvarp til laga um félagslega aðstoð, sem *Öryrkjabandalag Íslands* gerir athugasemd við.
13. gr. Ath. millifyrirsögn: "Örorkustyrkur".
14. gr. Ath. millifyrirsögn: "Barnalífeyrir". Breytt til samræmis við barnalög og barnalífeyrir vegna skólanáms 18-20 ára ungmennis er í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð.
15. gr. Ath. millifyrirsögn: "Fæðingarstyrkur". Sett inn skilyrði um að móðir hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barns og eigi lögheimili hér er barnið fæðist.
16. gr. Ath. millifyrirsögn: "Fæðingardagpeningar". Ákvæðið fjallar um greiðslu fæðingardagpeninga og er flutt til hliðar við ákvæði um fæðingarstyrk. Ath. að lögheimilisskilyrðin eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða fæðingarstyrk skv. 15. gr. eða fæðingardagpeninga skv. 16. gr.

17. gr. Ath. millifyrirsögn: "Tekjutrygging". Ýmsir bótaflokkar, s.s. heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót eru fluttir í frumvarp til laga um félagslega aðstoð.
29. gr. Nýmæli um heimild til greiðslu örorkubóta þótt orkutap sé undir 10 %, ef um er að ræða sjúklingatryggingu. Hér gera *sjúkra- og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar* athugasemd við að einn hópur skuli tekinn út með þessum hætti. Spurt er af hverju þessi hópur eigi að fá bætur á sama tíma og t.d. sjómaður sem missi fingur fái engar bætur. Þá er bent á að í tilfellum sem þessum sé í raun verið að greiða miskabætur, þar sem hin litla örorka valdi engu tekjutapi.
Öryrkjabandalagið leggur áherslu á mikilvægi þessi að greinin verði gerð afturvirk. Í samtali við lögfræðinga Tryggingastofnunar hefur komið fram að ekki komi til greina að afturvirkni nái aftar en til gildistöku heimildarákvæðisins árið 1989 og ekki er talið að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða. (Nefna þetta atriði í nefndaráli.)
 Þá er rétt að benda á að í áli starfshóps sem fjallaði um þetta efni (álið er í möppum nefndarmanna) er lagt til að kannað verði hvort ástæða sé til að láta sjúklingatryggingu einnig ná til læknisaðgerða og mistaka hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttum. Viðkomandi greiddu þá sjálfir iðgjöld og fjármögnuðu þannig trygginguna.
30. gr. Ekkjulífeyrir slysatrygginga er felldur niður, en í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð er almenn heimild til greiðslu ekkjulífeyris. Þá eru felldar niður dánarbætur til foreldra, til samræmis við lög um félagslega þjónustu, þar sem gagnkvæm framfærsluskylda foreldra og barna hefur verið felld niður. Einnig er felld niður heimild til greiðslu til systkina hins látna.
Sjúkra- og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins segir þessa breytingu umhugsunarverða. Í möppum nefndarmanna er yfirlit yfir fjölda slíkra greiðslna á ári s.l. 10 ár. (16 það sem af er þessu ári, flestar 42 árið 1984). Þá þarf hér að leiðrétta tölur um lágmarksfjárhæð, talan 270.281 komi í stað 128.924.
32. gr. Settur er biðtími fyrir sjúkratryggingu. Talið er nauðsynlegt til að stemma stigu við misnotkun, en unnt verður að kveða á um undanþágur frá búsetuskilyrðinu með reglugerð. (Ath. nefna þetta atriði sérstaklega í nefndaráli). Hér kemur athugasemd frá *sjúkra- og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar* um að eins árs biðtími sé alltof langur. Hætta sé á að undantekningar verða aðalreglan í framkvæmd. *Tryggingstofnun* leggur til 6 vikna biðtíma. Einnig er hér gerð tillaga um breytt orðalag. Greinina mætti orða svo:
 "Sérhver sem á lögheimili hér á landi er sjúkratryggður. Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.
 Sá sem flyst erlendis frá og eignast lögheimili hér á landi verður sjúkratryggður ... eftir að lögheimilisbreyting hefur verið tilkynnt, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingu, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstílfellum, þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tryggingaráðs, sett ákvæði í reglugerð um undanþágur frá ... lögheimilisskilyrði, um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til þess sem sjúkratryggður er."

Sjá og tillögu frá Dögg Pálsdóttur á minnisblaði.

34. gr. Breyta orðalagi og vísa auk 35. og 39. gr. laganna í ákvæði sérлага.
38. gr. Ákvæðið er óbreytt frá núg. lögum en *sjúkra- og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar* gerir athugasemd og segir löngu orðið tímabært að færa aldursmörk þeirra sem notið geta sjúkradagpeninga samkvæmt ákvæðinu niður í 16 ár.
40. gr. Nauðsynlegt að gera breytingu á ákvæðinu m.t.t. EES, sjá tillögu frá Dögg Pálsdóttur á minnisblaði.
42. gr. Ákvæðið er óbreytt en í athugasemd frá *sjúkra- og slysatryggingadeild Tryggingastofnunar* segir að málsliðurinn: "Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáráukalögum hvers árs." sýnist ónugur og óþarfur.
43. gr. Talsvert breytt frá núg. lögum. vegna breytinga á bótaflokkum lífeyristrygginga. Ákvæðum um vasapeninga er breytt til samræmis við framkvæmd. Þá er gert ráð fyrir að saman geti farið greiðsla örorkulífeyris og bóta skv. f.-lið 1. mgr. 24. gr. Hér er athugasemd frá *slysa- og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar* þar sem segir að ekki virðist réttmætt að fella út orðalag í ákvæði núg. laga þar sem segir að enginn geti samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar.
Í möppum nefndarmanna eru gögn þar sem upplýst er hvernig og hve oft undanþágur hafa verið veittar skv. hliðstæðu ákv. í núg. lögum.
51. gr. Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að vísað er til maka í stað konu. Ath. hvort vilji sé fyrir því hjá nefndarmönnum að skoða sérstaklega stöðu fanga.
54. gr. Þetta ákvæði felur í sér breytingu til samræmis við reglur EES. Í dag er eingöngu fluttur úr landi grunnlífeyrir, en ekki tekjutrygging, sem er brot á útflutningsreglu EES. Þeir sem þetta gæti náð til eru í dag 34 í Bandaríkjunum, 5 í Ástralíu, 1 í Kanada, 5 á Norðurlöndum og 7 í Evrópu.
66. gr. Athugasemdir frá einst. nefndarmönnum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öryrkjabandalag Íslands gerir athugasemd við 2. tl. ákvæðis til bráðabirgða og leggur til að í stað orðanna "bætur öryrkjans falla niður á starfstímabilinu." komi: "Bætur öryrkjans skerðast á starfstímabilinu á sama hátt og gildir um aðrar launatekjur" eða : "Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma."

Athugasemd varðandi sama atriði koma fram frá starfshópi um málefni fatlaðra.

Ath. hvort ekki er nægilega skýrt að lokamálsgrein 5. tl. eigi einungis við þann lið.

Frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

1. gr. Hefur í för með sér talsverðar breytingar sbr. að hluta til það sem áður segir um 10. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar. Ath. og skilyrði um lögheimili og heimild til tekjutengingar.
2. gr. Ath. millifyrirsögn: " Mæðra- og feðralaun."
3. gr. Ath. millifyrirsögn: " Barnalífeyrir."
4. gr. Ath. millifyrirsögn: " Umönnunarbætur." Færa orðalag til samræmis við orðalag í reglugerð og framkvæmd. Sjá 10. gr. l. nr. 41/1983 um málefni fatlaðra þar sem fjallað er um umönnunarbætur vegna fatlaðra barna. Sjá og 3. gr. reglugerðar nr. 150/1992 um mat á forsendum og tillögur svæðisstjórna um greiðslur fatlaðra barna. Sjá gögn í möppum. Óljóst er af 4. gr. þessa frumvarps hver eigi að gera tillögur um greiðslur til sjúkra barna sem ekki falla undir lög um málefni fatlaðra. Þá er í 4. gr. reglugerðarinnar heimild til greiðslu sjúkrakostnaðar sem ekki er í 4. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð. Þá hafa komið hafa fram athugasemdir um að tryggja þurfi að sjúkrahúsvist skerði ekki bótarétt.
Rætt um að samræma orðalag framkvæmd, sjá orðalag á minnisblaði frá Dögg Pálsdóttur. Þá óskaði ISG eftir því að sjá umræður um umönnunarbætur í þinginu, hverju ráðherra hafi svarað fyrirspurnum um það mál. Þá kom til umræðu að nefna í nefndaráliiti hvernig skerðing á umönnunarbótum vegna "daglegrar þjónustu við barn utan heimilis" er framkvæmd. Dögg Pálsdóttur var falið að útvega dæmi um framkvæmd.
7. gr. Ath. millifyrirsögn: "Ekkjulífeyrir." Ekkjulífeyrir felldur niður við óvígða sambúð, en skv. núg. lögum þarf hjúskap til. Hér gerir skrifstofa jafnréttismála athugasemdir. Í bréfi sem nefndinni hefur borist segir að sennilega standist þetta ákvæði hvorki jafnréttistilskipun EB né l. nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Um sé að ræða kyndbundið ákvæði sem sé hæpið, en hægt væri að hugsa sér að það næði bæði til ekkna og ekkla, eða til ekkla og ekkna sem ekki hafa launaðar tekjur við lát maka. Þá er jafnframt gerð

athugasemd við það að ekkjubætur eigi að falla niður ef ekkja fer í óvígða sambúð, það standist tæpast þar sem ekki sé enn lagaleg gagnkvæm framfærsluskylda milli sambúðarfólks.

8. gr. Ath. millifyrirsögn: "Endurhæfingarlífeyrir."
9. gr. Ath. millifyrirsögn: "Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót." Sjá gögn um mat á "hagræði" í möppum nefndarmanna. Felur ákvæðið að öðru leyti í sér breytingu, skerðast bæturnar ekki á sama hátt og í núg. lögum ? (DP)
Fram kom athugasemd við orðið "einhleypingur".
10. gr. Lögfræðingur Tryggingastofnunar lítur svo á að þetta ákvæði taki m.a. til elliheimilisuppbótar. Sjá reglugerð um framkvæmd skv. núg. lögum í möppum nefndarmanna.
11. gr. Ath. millifyrirsögn: "Bifreiðakostnaður."
12. gr. Sjá nýjar reglur sem settar hafa verið í möppum nefndarmanna.
13. gr. Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á. Til greina kemur að vísa beint í ákvæðin í almannatryggingfrumvarpinu sem átt geta við, því ekki leikur t.d. vafi á því að 7. gr. almannatryggingafrumvarpsins um kæru til Tryggingaráðs á við.

Einnig mætti orða ákvæðið svo:

" Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en 3 mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda að öðru leyti um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum."

Sjá hér og dæmi um orðalag á minnisblaði frá Dögg Pálsdóttur.

Alþjóðadeild Tryggingastofnunar ríkisins gerði hér nokkrar almennar athugasemdir.

Almennar athugasemdir:

Engin almenn hækkunarheimild er í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð. Hins vegar er almenn hækkunarheimild í 65. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar. Auk þess eru einstök hækkunarákvæði s.s. í 15. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar segir: "Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga" og í 2. mgr. 18. gr. sama frumvarps segir: "Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára."

Dæmi um orðalag almennrar hækkunarheimildar:

"Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal árlega, að fengnum tillögum tryggingaráðs, endurskoða fjárhæðir trygginga- og bótagreiðslna samkvæmt lögum þessum, í samræmi við verðlagsbreytingar."

eða:

"Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal, að fengnum tillögum tryggingaráðs, eigi sjaldnar en árlega breyta fjárhæðum trygginga- og bótagreiðslna samkvæmt lögum þessum, í samræmi við verðlagsbreytinar."

Ath. að þessi dæmi eru ekki í samræmi við 65. gr. frumvarps til laga um almannatryggingar.

Í umræðum hefur verið bent á mikilvægi þess að þessar breytingar og hinar nýju reglur verði vel kynntar. E.t.v. geta þess í nefndaráliti.